

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1105 Arnarlax hf. - Arnarfjörður	Strandgötu 1 465 Bíldudalur	Ólafur Stöðvarstjóri			
Tilefni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Eftirfylgniskoðun	13.12.2023	20.12.2023	4,00	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 12 skoðunatriða af 22. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 5 skoðunatriðum, þar af 2 Alvarleg frávik og 3 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

15.2.2024

Alvarlegt frávik	Frávik
4.1.3 Eldisbúnaður	4.1.4 Eftirlit og viðgerðir á netpokum
5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstarleyfi>20.tonn)	4.1.5 Eldissvæði
	5.1.5 Innra eftirlit (rekstarleyfi>20.tonn)

Niðurstaða eftirlits

Í þessari eftirfylgniskoðun var eingöngu skoðað það er varðaði sveimara á Haganesi. Reyndist það vera komið í lag.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í samræmi við 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 **er þér veittur 14 daga frestur** frá dagsetningu þessarar **skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Andmæli berist skriflega** sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á **mast@mast.is**.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2022. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Starfsstöð

Arnarlax hf. - Arnarfjörður
Strandgötu 1
465 Bíldudalur
Staða: Í gildi
Kennitala: 5803100600

Starfsemi

Frumframleiðsla - þáttur VI - AE - Áframeldi - 1

Tengiliðir

Silja Baldvinsdóttir	6167815	silja@arnarlax.is	Gæðastjóri
Arnarlax ehf.	004795820104	ron@arnarlax.is	Rolf (Yfirmaður sjódeildar)
Hjörtur Methúsalemsson	8667803	hjortur@arnarlax.is	Verkefnastjóri
Valdimar Bernódus Ottósson	4140628	valdimar@arnarlax.is	Production Coordinator

4 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

4.1 - Sjókvíaeldi

32 - 46.gr. reglugerð nr.540/2020 og 20.gr. reglugerð nr. 300/2018

4.1.3 Eldisbúnaður

Sett inn: 13.11.2023

Alvarlegt frávik

Við skoðun á köfunarskýrslum úr neðansjávareftirliti kom í ljós að ekki hefur verið tilkynnt um öll

göt sem hafa uppgötvast .

Matvælastofnun leitaði skýringa á þessu í fyrirspurn sem send var 2.

nóvember sl. og svör bárust þann 9. nóvember sl.

Í svörum sínum segir Arnarlax að fyrirtækið telji að ekki þurfi að tilkynna um göt ef fyrirtækið

meti það sem svo að ekki hafi verið grunur um strok.

Matvælastofnun krefst þess að Matvælastofnun sé tilkynnt um öll göt og önnur frávik á búnaði þegar fiskur er í kvíum.

Í 33. gr. í reglugerð nr. 540/2020 segir m.a.: Tilkynna skal um frávik á búnaði til Matvælastofnunar og til framleiðanda eða þjónustuaðila.

4.1.4 Eftirlit og viðgerðir á netpokum

Sett inn: 13.11.2023

Frávik

Við eftirlit með köfunarskýrslum og atvikaskrárum kom í ljós að ekki er farið að kröfum sem koma fram í 34. gr. reglugerðar nr. 540/2020.

Allar viðgerðir skulu skráðar í sérstaka ástands- og viðgerðarskýrslu sem inniheldur a.m.k.:

Nafn, heimilisfang og undirskrift verkstæðis.Númer vottunarskírteinis. Einkennisnúmer

netpokans. Lýsingu á umfangi og staðsetningu skemmda. Lýsingu á viðgerðinni.

Matvælastofnun gerir kröfu um að allar viðgerðir verði skráðar í samræmi við ofangreina grein í reglugerð um fiskeldi.

4.1.5 Eldissvæði

Sett inn: 13.11.2023

Frávik

Eldisbúnaður er ekki allur innan skilgreinds eldissvæðis á Tjaldanesi

35. gr., 46. gr.og viðauka V í reglugerð nr. 540/2020.

Allur búnaður sjókvíaeldisstöðva (kvíar, festingar, prammar o.fl.) er innan tilgreinds ræktunarsvæðis(hnita) í rekstrarleyfi.

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

47. - 50.gr. og viðauki III. í reglugerð nr. 540/2020

5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 13.11.2023

Alvarlegt frávík

Sannprófa skal gæðakerfið í heild sinni að lágmarki einu sinni á ári, alltaf eftir slyssleppingar eða önnur alvarleg óhöpp og þegar verulegar breytingar eiga sér stað á rekstri fiskeldisstöðvarinnar.

Sannprófunarhópur fyrirtækisins sannprófaði ekki gæðakerfið í kjölfar þess að göt uppgötvuðst á kvíum nr. 1 og 6 á Tjaldanesi og á kví 11 á Haganesi og er það ekki í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 540/2020, sbr. viðauka III.

Gerð er krafa að á að sannprófun verði lokið áður en eftirfylgni stofnunarinnar fer fram.

5.1.5 Innra eftirlit (rekstarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 13.11.2023

Frávík

Arnarlax gat ekki sýnt fram á að innra eftirlit hafi verið með því hvort neðansjávareftirlit hafi verið framkvæmt samkvæmt verklagsreglu fyrirtækisins.

Matvælastofnun gerir kröfu um að verklagsreglum innra eftirlits verði fylgt eftir.

Viðauki III í reglugerð nr. 540/2020.

Verklag er til staðar sem tryggir skilvirkt innra eftirlit með starfsemi fiskeldisstöðvarinnar. Að lágmarki skal vera eftirfarandi innra eftirlit:

Móttökueftirlit (ástand netpoka við móttöku).

Yfirborðseftirlit (s.s. ástand á búnaði, fiski á yfirborði og afræningjum við eldiskvíar).

Neðansjávareftirlit (köfun eða eftirlit með neðansjávarmyndavélum).

Eftirlit með laxalús.

Eftirlit með skyggni sjávar (sjóndýpi),

Eftirlit með sjávarhita

Eftirlit með súrefnisinnihaldi sjávar.

Vöktun á botnseti/botndýrum.

Í verklagi skal jafnframt lýsa markmiði, ábyrgð, tíðni, viðmiðunarmörkum, aðgerðum til úrbóta ásamt því hvað skrá skuli.

Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og lagfærð frá síðustu skoðun

4.1.2 Dauðfiskur

Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.1 Rekstarleyfi

2.1.3 Stöðvarskírteini sjókvíaeldisstöðva

5.1.1 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva

5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstarleyfi>20.tonn)

5.1.3 Verklagsreglur (rekstarleyfi>20.tonn)

5.1.4 Viðbragðsáætlanir (rekstarleyfi>20.tonn)

Kristján Rafn Guðmundsson
Kristjan.Gudmundsson@mast.is
Sérfræðingur - fiskeldi og matvælaeftirlit
530-4800

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.

Athugasemdir geta fengið þrenns konar vægi skv. eftirfarandi:

LS = Lagfært á staðnum:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem hægt er að lagfæra á meðan skoðun fer fram eða tilvikidi það lítilfjórlegt að það verður augljóslega lagfært strax að lokinni skoðun.

F = Frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar frá ákvæðum laga eða reglugerða. Skoðunarmaður metur umfang og alvarleika athugasemdar og metur frest til úrbóta út frá gefnum forsendum.

A = Alvarlegt frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar alvarlega frá ákvæðum laga, reglugerða, rekstrarleyfis eða þegar augljós hættu á slysasleppingu er fyrir hendi. Úrbótum skal ljúka að hámarki innan 7 virkra daga, en ef athugasemdin gefur tilefni til, er gripið til þvingunarúrræða strax. Athugasemdin krefst að jafnaði skjótrar eftirfylgni.

Eftirfylgni-, þvingunaraðgerðir:

Ef athugasemd sem fékk LS eða sambærileg er aftur til staðar í næstu skoðun, fær athugasemdin dæminguna F. Verklag eftirlitsmanna MAST er sem hér segir, þegar úrbætur eru ekki gerðar innan tilskilinna fresta.

Athugasemd með F dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Úrbótum skal ljúka fyrir tilskilinn frest sem fram kemur í skoðunarskýrslu. Frestur til úrbóta er að hámarki 3 mánuðir, nema að um verulega umfangsmiklar framkvæmdir sé að ræða.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Veita má viðbótarfrest til úrbóta til skamms tíma, þó að hámarki 1 mánuð. Skoðunaraðili fær enn dóminn F en jafnframt er dæmt A í skoðunaraðili 6.1. Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli - lög nr. 71/2008)
- Heimsókn 3 – eftirfylgni: Skoðunaraðili fær dóminn F en dæmt er A í 6.1. Veittur er frestur lengst til 7 daga, andmælaréttur er veittur á vettvangi. Eftir það fær stjórnarsýslusvið MAST skoðunarskýrsluna og þvingunar-eftriflygniferill (VRF-022) tekur við.

Athugasemd með A-dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Veittur frestur til úrbóta er lengstur 7 dagar, eða ef við á, fær stjórnarsýslusvið MAST skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli - lög nr. 71/2008). Andmælaréttur er veittur á vettvangi.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Skoðunaraðili fær dóminn A og jafnframt er dæmt A í skoðunaraðili 6.1. Stjórnarsýslusvið MAST fær skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Stjórnarsýslusvið MAST fylgir eftir skoðunarskýrslu vegna endurkomu og sem inniheldur dóminn A í 6.1. Stjórnarsýslusviðið stýrir framkvæmd þvingunar. Stjórnanda er kynnt ákvörðun um þvingunaraðgerðir. Mál sem komast á þetta stig fá síðan lögformlega meðhöndlun hjá MAST. [VRF-022]

Þvingunaraðgerðir geta t.d. verið:

- Dagsektir
- Úrbætur á kostnað rekstrarleyfishafa
- Afturköllun rekstrarleyfis